

Nd.

519. Frumvörp

til laga um fræðslu barna.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 285, með þessum breytingum:

7. liður 2. gr. hljóðar svo:

Að hafa vanist á að athuga algengustu fyrirbrigði náttúrunnar, sem það hefir fyrir augum, svo að það geti lýst þeim; það skal vita um bygging og lífsstörf mannslíkamans og um helstu atriði, er að hollustuháttum lúta, þar á meðal um áhrif heilsuspillandi nautnameðala, t. d. vínanda og tóbaks; ennfremur skal það þekkja nokkrar helstu íslenskar plöntur og vita um lífn- aðarhætti þektustu dýra.

11. gr. hljóðar svo:

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, er barn hafa til framfærslu, ákvæðum 5., 6. eða 7. gr. eða fyrirskipun, sem gerð er samkvæmt ákvæðum 10. gr., án gildra ástæðna, og varðar það dagsektum, 2–5 króna, eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð (bæjarsjóð).

Fyrri málsg. 16. gr. hljóðar svo:

Þegar barnaskólahús er reist frá stofni, stækkað eða endurbyggt til skólaihalds, skal bæjarstjórn sú eða hreppsnefnd, er hlut á að máli, annast um bygging eftir uppdrætti og lýsingu, er fræðslumálastjórnin leggur til, og afhenda síðan skólanefnd húsið til umsjónar og umráða.

20. gr. hljóðar svo:

Barni, sem er fullra 14 ára og hefir eigi fengið hina lögskipuðu kunnáttu, ber skólanefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 19. gr., og er því skylt að koma á næsta ári til prófs. Komi það eigi til prófs, fer samkvæmt síðasta lið 18. greinar. Nú kemur það í ljós við próf 10 ára barns eða eldra, að það reynist að dómi kennara og læknis óhæft til hins lögboðna náms, sakir andlegs eða líkamlegs vanþroska, og skal þá ekki heimta af því aðra kunnáttu en nokkra þekking í lestri og skrift.

Fyrsta málsgr. 24. gr. hljóðar svo:

Í skólanefnd eiga sæti 3 menn í hreppsfjelögum, en 5 í kaupstöðum. Skipar fræðslumálastjórnin formann nefndarinnar. Í kaupstöðum kys bæjarstjórn 4 skólanefndarmenn, en í hreppsfjelögum skulu 2 skólanefndarmenn ásamt varamönnum kosnir af þeim skólabjaraðsmönnum, er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum, og fer sú kosning fram á sama hátt og þá kosið er til hreppsnefndar, og samtímis, þegar því verður við komið. Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í skólanefnd.